

Nd.

538. Frumvarp til laga

[244. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Niðurlag 88. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 10 árum eftir gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 39/1982, um breytingu á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

G r e i n a r g e r ð .

Í 88. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, var upphaflega stefnt að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna, þ. e. haustið 1980.

Hins vegar er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða í lögnum, að Alþingi fjalli nánar um 9 ára skólaskyldu áður en hún kemur til fullra framkvæmda.

Á þingskjali 487 er frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, stjórnarfrumvarp, sem vísað hefur verið til menntamálanefndar Nd. Alþingis.

Við blasir að frumvarpið á þskj. 487, svo veigamiklar breytingar sem það hefur inni að halda, nái ekki afgreiðslu á þessu þingi.

Alþingi frestaði með lögum 1980 að láta 9 ára skólaskyldu koma til framkvæmda það ár, og var frestunin framlengd með lögum nr. 39/1981 og enn framlengd með lögum 39/1982 eitt ár í senn.

Þar sem fyrir liggur að grunnskólar landsins eru ekki enn þá undir það búnir að framkvæma löggin um 9 ára grunnskólaskyldu, þykir nefndinni nauðsynlegt að flytja frumvarp þetta um frestun 9 ára skólaskyldu um eitt ár, þ. e. til haustsins 1984.